



Afkoma annars ársfjórðungs 2022

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU ÁRSFJÓRÐUNGSINS

Helstu atriði í afkomu annars ársfjórðungs 2022 (2F22) – góður rekstur skilar góðri niðurstöðu og arðsemi eigin fjár umfram fjárhagsleg markmið bankans

- Hagnaður af rekstri Íslandsbanka nam 5,9 mö. kr. á öðrum ársfjórðungi (2F21: 5,4 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár var 11,7% á ársgrundvelli (2F21: 11,6%) sem er yfir fjárhagslegum markmiðum bankans og spám greiningaraðila. Helstu ástæður góðrar afkomu eru sterk tekjumyndun, aðhald í rekstri og jákvæð virðisbreyting útlána.
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 21,8% á milli ára og námu 10,3 mö. kr. á 2F22 samanborið við 8,4 ma. kr. á 2F21. Hækkunin á milli ára skýrist af hærra vaxtaumhverfi og stækkun inn- og útlánasafns bankans. Vaxtamunur nam 2,9% á 2F22 samanborið við 2,4% á 2F21.
- Hreinar þóknunatekjur jukust um 18,1% á milli ára og námu samtals 3,4 mö. kr. á 2F22 samanborið við 2,9 ma. kr. á 2F21. Auknar tekjur í greiðslumiðlun, fjárfestingarbanka, verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun og vegna útlána og ábyrgða leiddu hækkunina.
- Bankinn leggur aðaláherslu á kjarnastarfsemi og á 2F22 námu vaxta- og þóknunatekjur samanlagt 97,6% af rekstrartekjum samanborið við 93% á 2F21. Þessir tveir tekjuliðir jukust um 20,9% á milli 2F21 og 2F22.
- Hreinar fjármunatekjur námu 208 m.kr. á 2F22 samanborið við 619 m.kr. á 2F21.
- Stjórnunarkostnaður nam 6,0 mö. kr. á 2F22 samanborið við 6,5 ma. kr. á 2F21, lækkun um 7,6%. Að fráregnum 588 m.kr. einskíptiskostnaði á 2F21 hækkaði stjórnunarkostnaður um 1,6% en lækkaði um 5,9% að raunvirði.
- Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði á milli ára í 42,7% á 2F22 og er undir markmiði bankans, úr 49,9% á 2F21, aðallega vegna sterkrar tekjumyndunar og hagkvæmari reksturs.
- Virðisrýrnun var jákvæð um 575 m.kr. á 2F22 og skýrist helst af niðurstöðu dómsmáls varðandi lán sem áður var að fullu afskrifað og batnandi útliti í ferðþjónustu. Á 2F21 var virðisrýrnun jákvæð um 1.140 m.kr. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var -0,20% á ársgrundvelli á 2F22 samanborið við -0,42% á 2F21.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 45,8 ma. kr. á fjórðungnum, eða um 4,1% og voru 1.154 ma. kr. í lok júní 2022. Aukninguna má rekja til allra viðskiptaeininga, en þó mest til aukningar húsnæðislána.
- Innlán frá viðskiptavinum drógust saman um 4,6 ma. kr. á öðrum ársfjórðungi 2022 eða um 0,6% og voru 757 ma. kr. í lok júní.
- Lausafjárstaða bankans er áfram sterk og öll lausafjárhlutföll vel yfir innri viðmiðum bankans og kröfum eftirlitsaðila.
- Eigið fé bankans nam 203,7 ma. kr. í lok júní 2022. Samsvarandi eiginfjárgrunnur, sem inniheldur viðbótareiginfjárbátt 1 og eiginfjárbátt 2, lækkaði úr 228 ma. kr. í 213 ma. kr. vegna samþykktar aðalfundar á 15 ma. kr. endurkaupum á eigin bréfum. Eiginfjárhlutfall bankans var 21,5% samanborið við 25,3% í árslok 2021. Samsvarandi eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 var 18,2% samanborið við 21,3% í árslok 2021. Það er vel yfir markmiði bankans sem er ~16,5%. Lækkun eiginfjárhlutfalla á fjórðungnum skýrist af lækkun á eiginfjárgrunni og hækkun á áhættugrunni (REA).
- Bankinn metur að umfram eigið fé eiginfjárhlutfalls almenns þáttar 1 sé nú um 30-35 ma. kr. Lækkun á umfram eigin fé er vegna mikillar aukningar í útlánnum á 2F22. Stefnt er að bestu samsetningu eigin fjár fyrir árslok 2023.
- Vogunarhlutfallið var 12,5% í lok júní, samanborið við 13,6% í árslok 2021, sem gefur til kynna lága skuldsetningu í alþjóðlegum samanburði.

Helstu atriði í afkomu á fyrri árshelmingi ársins 2022 (1H22) – Arðsemi yfir markmiði leidd áfram af tekjuvexti

- Hagnaður af rekstri Íslandsbanka nam 11,1 ma. kr. á fyrri helmingi ársins (1H21: 9,0 ma.kr.). Arðsemi eigin fjár var 10,9% á ársgrundvelli samanborið við 9,7% á 1H21.
- Hreinar vaxtatekjur námu samtals 19,5 ma. kr. á 1H22 sem er hækkun um 17,2% milli ára og skýrist af hærra vaxtaumhverfi milli tímabila og aukinna inn- og útlána.
- Hreinar þóknatekjur hækkuðu um 12,6% milli ára og námu samtals 6,5 ma. kr. á 1H22 samanborið við 5,8 ma. kr. á 1H21. Þóknarir vegna greiðslumiðlunar, fjárfestingabanka og verðbréfavíðskipta eru megin þættir hækkunarinnar.
- Hreinar fjármunatekjur námu 113 m.kr. á 1H21 samanborið við 912 m.kr. á 1H21.
- Stjórnunarkostnaður nam 11,8 mö. kr. á 1H22 samanborið við 12,3 ma. kr. á 1H21, lækkun um 4,2%. Án einskíptiskostnaðar í 1H21, hækkar stjórnunarkostnaður um 1,6% á milli ára en lækkar þó að raunvirði um 5,9%.
- Kostnaðarhlutfall lækkaði verulega milli ára, frá 50,6% á 1H21 í 45,0% á 1H22.
- Hrein virðisrýrnun á 1H22 var jákvæð um 1.058 m.kr. (1H21: 622 m.kr.). Jákvæð virðisrýrnun er vegna bjartari horfa í ferðapjónustu.

Uppfærðar leiðbeinandi tölur fyrir árið 2022

- Í ljósi góðrar afkomu og væntinga fyrir síðari hluta ársins þá hefur nú leiðbeinandi tala fyrir arðsemi verið endurskoðuð upp á við og er nú yfir 10% frá fyrra 8-10%. Jafnframt verður leiðbeinandi bil fyrir kostnaðarhlutfall nú 44-47%, en var áður 45-50%.

Lykiltölur

		2F22	1F22	4F21	3F21	2F21
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	5.880	5.187	7.092	7.587	5.431
	Arðsemi eigin fjár	11,7%	10,2%	14,2%	15,7%	11,6%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,9%	2,6%	2,4%	2,4%	2,4%
	Kostnaðarhlutfall ¹	42,7%	47,6%	45,3%	39,4%	49,9%
	Áhættukostnaður útlána ²	(0,20%)	(0,17%)	(0,23%)	(0,64%)	(0,42%)
		30.6.22	31.3.22	31.12.21	30.9.21	30.6.21
ERNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.153.677	1.107.893	1.086.327	1.081.418	1.089.723
	Eignir samtals, m.kr.	1.437.253	1.446.355	1.428.821	1.456.372	1.446.860
	Áhættuvegnar eignir, m.kr.	992.883	945.321	901.646	917.764	924.375
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	756.862	761.471	744.036	754.442	765.614
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	152%	145%	146%	143%	142%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ³	1,8%	1,8%	2,0%	2,0%	2,1%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	118%	123%	122%	121%	122%
	Lausafjárlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	147%	195%	156%	225%	187%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	203.662	197.201	203.710	197.381	190.355
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 ⁴	18,2%	18,8%	21,3%	20,6%	20,1%
	Eiginfjárlutfall þáttar 1 ⁴	19,2%	19,9%	22,5%	21,8%	20,1%
	Eiginfjárlutfall ⁴	21,5%	22,5%	25,3%	24,7%	22,9%
	Vogunarlutfall ⁴	12,5%	12,4%	13,6%	13,2%	12,4%

1. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta – einskíptisliðir) / (heildarrekstrartekjur – einskíptisliðir).

2. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýrnunarsjóði.

3. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

4. Að meðtöldum 1F22 hagnaði fyrir 31.3.22 og 3F21 hagnaði fyrir 30.9.21.



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Við Íslandsbankafólk getum svo sannarlega verið ánægð með uppgjör annars ársfjórðungs þar sem hagnaður nam 5,9 milljörðum króna og var arðsemi 11,7% sem er yfir okkar fjárhagsmarkmiðum. Við sáum sterkan vöxt í tekjum bæði hvað varðar vaxta- og þóknunatekjur eða 21% á milli ára. Á sama tíma náðist raunlækkun kostnaðar um 5,9%. Kostnaðarhlutfall var 42,7% á tímabilinu sem er jafnframt umfram fjárhagsmarkmið bankans.

Útlánastarfsemi var líflæg á tímabilinu en útlán uxu um 4,1% á fjórðungnum og var vöxturinn nokkuð jafn á milli fyrirtækja og heimila. Í kjölfar aðgerða Seðlabankans má búast við að útlánavöxtur verði hægari á síðari helmingi ársins.

Bankinn undirritaði útgáfuramma sem heimilar útgáfu sértryggðra skuldabréfa í erlendri mynt. Útgáfuramminn sem hefur fengið einkunnina A frá lánshæfismatsfyrirtækinu S&P veitir bankanum aukinn aðgang að erlendum mörkuðum og höfðar til breiðari hóps fjárfesta.

Íslandsbanki var valinn besti bankinn af alþjóðlega tímaritinu Euromoney á dögnum en þetta er í fimmta sinn sem bankinn hlýtur þessi verðlaun. Í niðurstöðu dómnefndar var horft til árangurs í rekstri, tekjuvaxtar og kostnaðarlækkunar. Verðlaun sem þessi eru okkur ávallt hvatning.

Þann 20. ágúst næstkomandi verður Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka haldið en það er stærsta góðgerðarsófnun ársins. Frá upphafi hafa safnast yfir milljarður íslenskra króna sem renna til yfir 115 góðgerðarfélaganna. Hlaupið er mikilvægur hluti af menningu bankans sem vill sýna það í verki að vera hreyfiafl til góðra verka.

Afkomuefni

Ítarlegri umfjöllun um rekstrarafkomu 2F22 má finna í **enskri útgáfu** fréttatilkynningar. Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, skal enska útgáfan gilda.



FJÁRFESTATENGL

Vefstreymi föstudaginn 29. júlí 2022

Íslandsbanki mun halda afkomufund/vefstreymi föstudaginn 29. júlí kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Birna Einarsdóttir, bankastjóri og Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á ársfjórðungnum. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn fer fram [á þessari síðu](#). Upptaka af fundinum verður aðgengileg á heimasíðu fjárfestatengsla að honum loknum.

Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar í gegnum eftirfarandi símanúmer og beðið um aðgang að vefstreymi Íslandsbanka, ekki er þörf á aðgangskóða:

Ísland	+44 1 212 818 004
Danmörk:	+45 327 275 25
Svíþjóð:	+46 8 505 100 30
Noregur:	+47 210 358 72, ýta þarf á *0 til að komast inn í símtalið
Bretland:	+44 1 212 818 004
Bandaríkin:	+1 718 705 8796

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjör á neðangreindum dagsetningum

Árshlutauppgjör 3F22 – 27. október 2022

Árshlutauppgjör 4F22 / Ársuppgjör 2022 – 9. febrúar 2023

Aðalfundur – 16. mars 2023

Árshlutauppgjör 1F23 – 4. maí 2023

Árshlutauppgjör 2F23 – 27. júlí 2023

Árshlutauppgjör 3F23 – 26. október 2023

Vinsamlega athugið að dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á heimasíðu fjárfestatengsla þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögnul tímabil eru einnig aðgengilegar:

<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/fjarfestatengsl>